Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030

vegna móttökusvæðis jarðvegs við Skjólbrekku.



Yfirlitsmynd

- Fjarskipti
- Námur
- Athafnasvæði
- Frístundabyggð
- Iðnaðarsvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði/Þjónustustofnanir
- Íbúðarsvæði
- Þjónustustofnanir
- Þjóðminjaverndarsvæði
- Undirgöng
- Fornleifar
- Þéttbýli
- Flugvöllur
- Opin svæði til sérstakra nota
- Landbúnaðarsvæði
- Óbyggð svæði
- Hverfisverndarsvæði
- Brunnsvæði
- Grannsvæði
- Fjarsvæði
- Friðlýst svæði
- Svæði á náttúruminjaskrá
- Ár, vötn, sjór
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir (til skýringar)
- Raflínur stofnkerfi
- Raflínur stofnkerfi jarðstrengur
- Aðrar raflínur (til skýringar)
- Jarðstrengur (til skýringar)
- Hitaveita stofnæð
- Ljósleiðari
- Göngu- og reiðleið
- Gönguleið
- Reiðleið



Staðfest aðalskipulag 2010-2030
Sveitarfélagsuppdráttur
Mkv. 1:100.000



Tillaga að breytingu 25. nóvember 2014.
Mkv. 1:100.000

Forsendur

Áformað er að afmarka 2,5 ha efnislosunarsvæði rétt norðan við Húsavík, sunnan við Skjólbrekku, við veginn sem liggur upp að Húsavíkurfjalli, austan við mörk þéttbýlisins. Svæðið verður eingöngu notað til efnislosunar/ móttöku jarðvegs. Skammt norður af svæðinu er aksturs íþróttasvæði innan þéttbýlismarka Húsavíkur. Svæðið er í núgildandi aðalskipulag i skilgreint sem landbúnaðarsvæði (L1). Aðkoma að svæðinu er frá veginum sem liggur að Húsavíkurfjalli. Á aðalskipulagsuppdrætti er merkt gönguleið eftir veginum sem liggur að Húsavíkurfjalli frá vegamótunum.

Afmörkun efnislosunarsvæðisins er í samræmi við tillögu að deiliskipulagi sem unnið er að samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Við uppbyggingu á iðnaðarsvæðinu á Bakka mun koma upp mikið af moldarjarðvegi, vegna framkvæmda á því svæði. Koma þarf þessum jarðvegi fyrir og er gert ráð fyrir að hann verði losaður á þessu efnislosunarsvæði. Að hámarki er heimilað að haugsetja þar 50.000 m^3 af jarðvegi á um 2,5 ha svæði. Nánar er kveðið á um skipulag efnislosunarsvæðisins í deiliskipulagi.

Efnislosunarsvæðið er í um 110 m hæð yfir sjó á svæði sem var áður gróðurlítið en er nú að mestu leyti lúpínugróið holt. Fuglalíf í lúpínubreiðum við Húsavík er vel þekkt, nokkuð auðugt en fábreytt af tegundum. Þær fuglategundir sem hafast við á lúpínugrónum þurrum holtum sem þessu eru allar algengar á landsvísu og ber þar mest á hrossagaukum, þúfutittlingum og skógarþröstum. Svæðið hallar til vesturs.

Fjarlægð frá efnislosunarsvæðinu að veginum sem liggur frá Húsavík og í átt að Bakka er um 500 m og rétt vestan við svæðið er aksturs íþróttasvæði. Svæðið er í um 700 m fjarlægð frá þeim húsum sem næst standa innan þéttbýlisins á Húsavík. Umhverfis svæðið er landbúnaðarland skv. aðalskipulagi. Engar þekktar minjar eru á svæðinu.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi er auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagsbreytingu.

Tillaga að breytingu

Neðangreindar breytingar eru lagðar til á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 á sveitarfélagsuppdrætti og 23. kafla skipulagsgreinargerðar um skipulag dreifbýlis:

1. Við töflu í kafla 23.14 um efnistökusvæði bætast skilmálar um E39 efnislosunarsvæði. Annað er óbreytt í töflunni.

Nr. svæðis	Nr. Vegag	Staður	Skipulagsákvæði
E39	-	**Skjólbrekka**, efnislosunarsvæði 2,5 ha.	Efnislosunarsvæði sem notað verður fyrir haugsetningu á moldarjarðvegi sem kemur upp vegna uppbyggingar á iðnaðarsvæðinu á Bakka. Efnislosun á þessu svæði er heimil að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, þar sem skilgreint er nánar hversu mikið efni á að haugsetja. Í framkvæmdaleyfisumsókn skal gera grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að framkvæmdum (s.s. um lagersvæði efnis) og frágangi (s.s. landmótun og sáningu) á meðan á haugsetningu stendur og eftir að henni lýkur. Að loknum framkvæmdatíma skal ganga snyrtilega frá svæðinu þannig að það falli sem best að umhverfinu og skeri sig ekki úr. Hámarkshæð á haugsetningu er 4 m yfir núverandi landhæð og leyfilegt að haugsetja allt að 50.000 m3 af jarðvegi. Efnislosunarsvæði verði sléttuð vel og aðlöguð að landslagi áður en uppgræðsla hefst við frágang á svæðinu.

2. Sveitarfélagsuppdrætti er breytt þannig að efnistökusvæði er sýnt með punkttákni og merkt E39.

Umhverfisáhrif

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Hér er gerð grein fyrir áhrifum aðalskipulagstillögunnar á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gr. 4.4. í skipulagsregluger ð nr. 90/2013.

Í samræmi við tillögu að aðalskipulagi hefur verið unnið deiliskipulag fyrir efnislosunarstaðinn. Skipulags og matslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagið voru kynnt á vef Norðurþings í september 2014 og tillaga að aðalskipulagsbreytingu er auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi.

Efnislosun innan efnistökusvæðisins getur haft áhrif á ásýnd lands, breyting verður á landi og umhverfi við upphaf gönguleiða r upp á Húsavíkurfjall mun breytast. Efnislosun getur fylgt fok. Í aðalskipulagi Norðurþings er sett fram stefna um að nýting jarðefna sé með skynsamlegum og skipulögðum hætti og að leitast verði við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif. Efnisvinnsla fari eingöngu fram á skilgreindum efnistökusvæðum nema hvað efnistaka einstaka landei ganda er heimil utan þeirra, ef hún stangast ekki á við aðra stefnu aðalskipulagsins. Efnislosunarsvæði eru hluti af efnistökusvæðum.

Í aðalskipulagi Norðurþings voru áhrif nýtingar jarðefna metin nokkuð jákvæð á samfélag, byggðamynstur og lýðheilsu en nokkuð neikvæð eða háð útfærslu á land, loft, vatn, vistkerfi, minjar og landslag. Fyrir efnislosunarsvæði við Skjólbrekku eru áhrifin líkleg til að vera óveruleg á byggðamynstur, lýðheilsu, loft, vatn, minjar, vistkerfi og landslag. Tillagan er líkleg til að hafa nokkuð neikvæð áhrif á samfélag vegna sjónrænna áhrifa frá gönguleið upp á Húsavíkurhöfða sem liggur eftir veginum fram hjá efnislosunarsvæðinu. Þá munu efnisflutningar og sú umferð sem þeim fylgir valda truflun á upphafi gönguleiðarinnar frá vegamótunum eftir veginum að Húsavíkurfjalli og á kafla á norðausturvegi sem liggur frá Húsavík norður Tjörnes.

Stefna aðalskipulagsins getur haft staðbundin neikvæð ásýnd og landslag en með mótvægisaðgerðum; landmótun og sáningu, er dregið úr neikvæðum áhrifum haugsetningar. Í deiliskipulagstillögu er lagt til að til að forðast rof og uppblástur skuli jafna allt yfirborð og sá í það. Gert er ráð fyrir að gengið verði frá svæðinu í tveimur áföngum. Nota skal landgræðslubönd eða sambærilegar tegundir. Á framkvæmdatíma verður breyting á ásýnd svæðisins en frágangur og uppgræðsla mun draga úr þeim áhrifum eftir því sem líður á framkvæmdatíma. Mikilvægt er að landmótun falli vel að landslagi.

Í deiliskipulaginu verður fjallað nánar um tilhögun efnislosunarsvæðisins og hvernig staðið verður að landmótun á svæðinu með þeim jarðvegi sem þangað verður fluttur.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 30. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

sveitarstjórn Norðurþings þann _____

_____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____

_____

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og Landmælingar Íslands
Hnitakerfi: Lambert
Hnattstaða: ISN93
Sýndar eru 20 m hæðarlínur

Blaðstærð A2
Dags: 25.11.2014
Verknúmer:1058

Alta ehf.
Ármúli 32, 108 Reykjavík
alta@alta.is www.alta.is